

Mættir; Guðný, Sigurður, Kristín, Ómar, Bjarni, Hafþór, Gunnar. Björn kom kl.21.14

-umræður um næstu daga. Bjarki Harðarsson kemur og verður með fyrilestur um rafbíla næsta rabbkvöld, 4.des. Við bjóðum upp á kaffi og kleinur.

11.des verður jólakaffi þar sem stjórn mætir og svara spurningum og umræður um starfið. Piparkökur, lagtertur, kakó og rjómi.

-Ferguson félagið er ánægt með að nýta húsakynni okkar og verða þeir með jólafund 3.12. Hafþór tekur að sér að opna fyrir þeim. Fundur þeirra byrjar kl.19.00. Þeir hafa samið við okkur um að leigja sal okkar einu sinni í mánuði í vetur.

-Umræður um landsmót. KFUM eru áhugasamir um að fá okkur aftur í Vatnaskóg, Sr. Gunnar Sigurjónsson ætlar að vinna í útfærslum fyrir okkur nánar. Ýmislegt sem hefði mátt betur fara í sumar verður lagfært. Fundarmenn eru sammála um að ef við verðum aftur í Vatnaskógi þá væri skynsamlegast að halda kyrru fyrir í Vatnaskógi, þar að segja ekki að vera að keyra mikið út frá skóginum yfir helgina, njóta hennar. Allir eru sammála því að ef við verðum aftur í Vatnaskógi þá þarf að bæta þrif á WC og aðgang að uppvöskunar aðstöðu fyrir tjaldgesti.

Hafþór talar um að þetta væri gott fjöldkyldumót, en halda mætti eina til tvær sýningar yfir sumarið með öðrum bílklúbbum og þá yfir einn dag, eftir verðri.

-Bjarni og Ómar fóru á fund með forsvarsmönnum Árbæjarsafns og lýstu áhuga okkar á að halda viðræðum áfram um hugsanlega byggingu fyrir klúbbinn þar. Ómar leggur fram uppkast af bréfi sem sent verður Árbæjarsafni, til ferkari viðræðna(sjá bréf hér í bók). Allir fundarmenn lesa bréf og eru sammála um að senda það.

-Esumelar, umræður um geymslur. Bjarni og Ómar hafa útbúið skjal og reiknað út hvað hver bill tekur marga fermetra í geymslum. Í dag er rukkað 7.500kr fyrir fólksbíl og 10.500kr fyrir vörubíl. Lögð er fram tillage um að breyta þessu og fjölga gjaldflokkum til að greitt sé sanngjarnara gjald fyrir hvern bíl, í dag eru menn að greiða frá 621kr á fm upp í 1299kr á fm. Lagt er til að þetta verði lagað til svo meiri sanngirni sé gætt, þannig að allir séu að greiða um 800kr á fm. Heildarinnkoma á leigutekjum er í dag 721.000kr á mánuði, en hækkar við þessa breytingu um 14.000kr, þannig að ekki er um verulega hækkun að ræða, en jafnara á leigutaka miðað við nýttu fermetra. Fundarmenn eru sammála um að framkvæma þessa gjaldskrárbreytingu.

Frekari umræður um Esumela og þá bíla sem eru þar, þó sérstaklega vörubíl, hann er ógangfær og mjög þungur, og nánast ófært að færa hann til. Fundarmenn greiddu atkvæði um að þrýsta á hann um að gera bíl sinn færanlegri á einhvern hátt, þetta var samþykkt.

-Ómar leggur framm drög af samningi við Motus um innheimtu fyrir okkur. Þeir sjá þannig um að ítreka og þrýsta á þá sem eru í vanskilum um að greiða sem fyrst. Fundarmenn samþykkja að gera þetta.

Í framhaldi af þessu mun Ómar senda í innheimtu þá sem eru í vanskilum í dag.

Allir eru sammála um að drífa vanskil í innheimtu.

-Frekari umræður um Esjumela.

Sumarstæði verða ekki lengur í boði.

-Bjarni er búinn að semja skilaboð til félaga sem sent verða út næstu daga til félaga, hann les upp uppkast fyrir okkur. Þar kemur fram það sem gert hefur verið síðan stjórn tók við í grófum dráttum, sem og jólakveðja til félaga.

Fundi slitið 21.41. Fundarritari GÖH